

Fundargerð 53. fundar skráningarráðs Gegnis, miðvikudaginn 12. maí 2010,

haldinn í húsnæði Landskerfis bókasafna, Höfðatorgi, kl. 9.00-11.00

Fundarmenn: Anna Sveinsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður), Sigrún J. Marelsdóttir, Gunnhildur Loftsdóttir (fundarritari), Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri hjá Landskerfi bókasafna.

1. Fundargerð 52. fundar. – Fundargerðin lesin og samþykkt.

2. Undanþágubeiðni vegna skráningarheimildar. Undanþágubeiðni fyrir einn nýjan skrásetjara, sem ekki hefur lokið prófi í bókasafns- og upplýsingafræði, var samþykkt með tölvupósti milli funda. Lagður fram nafnalisti þeirra sem nýlokið hafa skráningarnámskeiði hjá Landskerfi og fengið skráningarheimild. Þar er bæði að finna nýja skrásetjara auk langreyndra skrásetjara. Sigrún Hauksdóttir segir að ánægja hafi ríkt með aðstöðuna á 17. hæð turnsins þar sem námskeiðið var haldið.

3. „Samsett gögn“. Fjölbreytileiki skráðra gagna í Gegni eykst stöðugt. Gunnhildur Loftsdóttir lagði fram DVD diskinn „Melkorka: rætur íslenskrar menningar“. Þetta er myndskreytt hljóðbók sem einungis er hægt að skoða í DVD-spilurum eða tölvum sem geta spilað DVD. Í þessu tilviki hafði skrásetjari kosið að skrá þetta sem mynddisk, en fékk mótmæli gegn því og eftir nokkur skoðanaskipti var ákveðið að breyta formatinu í HB. Spurning hvort hægt sé að kóða svona efni nákvæmar en gert hefur verið til þessa. Í svona tilvikum þarf að skoða hvert tilfelli fyrir sig.

4. Verkefni gæðahóps Gegnis. Sigrún Hauksdóttir dreifir verkefnaáætlun gæðahópsins og er farið yfir hann. Helstu atriði eru: a) **Rafrænt efni** - leiðrétting á sviði 856 til lagfæringar á birtingu leitarniðurstaðna. Þetta er gríðarmikið magn, mikið um óleiðréttar, sóttar færslur og þessu þarf svo að fylgja eftir með vönduðum vinnubrögðum. b) **Endurskoðun skráningarþáttar** – aðallega til að lagfæra vinnuumhverfi skrásetjara. c) **Verkefni í kjölfar indexingar og lagfæringar á bókfræðigrunni** – er að mestu lokið. d) **Lagfæringar á birtingu efnis í niðurstöðulista** – t.d. leitargrunnur fyrir efni, er m.a. fyrir leit með flokkstölum. e) **Þróunarvinna vegna breytinga á skráningarreglum og notkun kerfisins** – m.a. til að aðlaga kerfið að breytingum á MARC sniði eða öðrum áhrifaþáttum, sem nauðsynleg eru m.a. vegna upptöku á Primo og RDA í framtíðinni. f) **Ritraðarsvið** – það er allt í farvatninu og m.a. er búið að endurskoða hask-ið, en nokkuð vandamál er með birtingu á 8XX sviðinu. g) **Nafnmyndauppfærslan**. h) **„Expönd“**. Markmiðið er að auðvelda og útvíkka leitarmöguleika, sem spilar lykilhlutverkið í notkun Primo. i) **Greinarmerkjastjórnun**. Ætlunin er að gera þau hlutlaus. j) **Sameining á færslum**. Sameining færslna sem eru með greinifærslur t.d. Læknablaðið. k) **Þekkingaröflun**. m.a. ætla Þóra og Hildur að fara á málþing í Kaupmannahöfn 8. ágúst um RDA nýjar skráningarreglur. Hildur lætur vita þegar vefur RDA verður opnaður. Enginn fræðslufundur skrásetjara verður í vor, frekar í haust.

l) **Verkefni flutt frá 2009.** Þeim er flestum lokið. m) **Námsritgerðir,** verkefni þar að lútandi þ.e. að útiloka þær frá birtingu í leit verða flutt til ársins 2011.

5. Tölfræði 2009. Hildur Gunnlaugsdóttir fer yfir nýja tölfræði Gegnis fyrir árið 2009, sem hún og Sigrún Hauksdóttir unnu. Hún sýnir helstu skýringarmyndir. Skráningarráð lýsir ánægju sinni með þessa vinnu, en skýrslan mun birtast á vef Landskerfis.

6. Rússnesk nöfn. Starfshópur á Landsbókasafni lagði fram tillögu um að valmyndir rússneskra nafna verði framvegis samkvæmt nafnmyndaskrá Library of Congress. Íslenskar umritunarreglur og -hættir eru á fárra færi og óvíst hvað verður um þær þegar þeir starfsmenn sem best þekkja til láta af störfum. Hildur Gunnlaugsdóttir leggur fram bréfaskipti milli þriggja starfsmanna Háskóla Íslands, sem reyndar eru frekar andsnúnir því að leggja þessar umritanir niður. Landsbókasafn getur ekki borið ábyrgð á þeim nöfnum sem koma ekki inn á borð þar og því er nauðsynlegt að breyta til. Þetta er gerlegt með góðum tilvísunum í nafnmyndaskrá Gegnis. Ekki náðist að útkljá þessa umræðu og verður hún tekin upp síðar.

Fundarritari yfirgaf fundinn kl. 11.15.

Næsti fundur boðaður þriðjudaginn 1. júní kl. 9-11 á Höfðatorgi.